

EFNISYFIRLIT

0	INNGANGUR	2
0.1	Yfirlit	2
0.2	Verkkaupi	2
0.3	Yfirstjórn	2
0.4	Umsjón	2
0.5	Ráðgjafar	2
1	FRUMATHUGUN	2
1.1	Þarfagreining	2
1.2	Valkostir	2
1.3	Niðurstaða	2
2	ÁÆTLUNARGERÐ	3
2.1	Yfirlit	3
2.2	Fullnaðarhönnun	3
2.2.1	Slökkvistöð	3
2.2.2	Lögreglustöð	4
2.3	Nánari útfærsla	4
2.4	Áætlun um stofnkostnað	6
2.5	Rekstaráætlun	6
2.6	Fjármögnunaráætlun	6
3	VERKLEG FRAMKVÆMD	6
3.1	Útboð, tilboð og samningar	6
3.2	Lýsing	6
3.3	Framvinda	7
3.4	Eftirlit og úttektir	7
4	REIKNINGSLEGT UPPGJÖR	8
4.1	Fjárveitingar og áfallinn kostnaður	8
4.2	Heildarkostnaður	9
4.3	Samanburður við kostnaðaráætlun	10
4.4	Kostnaður áfanga / eininga	11
5	NIÐURSTAÐA	12
5.1	Árangur framkvæmdarinnar	12
5.2	Samanburður við hliðstæðar framkvæmdir	12
5.3	Lokaorð	12
5.4	Staðfesting skilamats	12

0 Inngangur

0.1 Yfirlit

Hér verður gerð grein fyrir skilamati vegna byggingar lögreglu- og slökkvistöðvar á Hólmavík. Um er að ræða límtréshús er hýsir slökkvistöð og bílageymslu lögreglunnar og staðsteypa byggingu er hýsir lögreglustöð.

Um skilamat er lagaákvæði í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda. Þar segir að gera skuli í skilamati grein fyrir því hvernig framkvæmd hefur tekist miðað við áætlun og gera skuli einnig samanburð við hliðstæðar framkvæmdir þar sem því verður við komið.

Ríkisendurskoðun setti árið 1990 reglur um skilamat. Hér er þeim reglum fylgt í meginatriðum. Í skilamati er framgangur hverrar framkvæmdar rakinn frá frumathugun til áætlunargerðar og verklegrar framkvæmdar.

Frumathugun

Dregin eru saman helstu atriði sem réðu ákvörðunum um byggingu á lögreglu- og slökkvistöðvar á Hólmavík.

Áætlunargerð

Gerð er grein fyrir aðalatriðum áætlunargerðar, fullnaðarhönnun og áætlun um stofnkostnað.

Verkleg framkvæmd

Veitt er almenn lýsing á verkinu og lýsing á þeim þáttum sem öðrum fremur höfðu áhrif á kostnað, þar á meðal útfærslu. Verksamningar eru taldir upp og samningsaðilar nefndir. Einnig er fjallað um eftirlit og framvindu á framkvæmdatíma.

Kostnaður

Í reikningslegu uppgjöri er kostnaður sundurliðaður í kostnað við ráðgjöf, innréttingar og lagnir, o.s.frv. Sýnt er yfirlit yfir kostnað og gerður samanburður á áætluðum kostnaði og raunkostnaði.

Gerð er grein fyrir fjárveitingum til framkvæmdanna eftir fjárlagaárum.

0.2 Verkkaupi

Verkkaupar eru dóms- og kirkjumálaráðuneytið og Hólmavíkurbreppur.

0.3 Yfirstjórn

Í yfirstjórn eru verkkaupar, hvor fyrir sinn eignarhluta.

0.4 Umsjón

Framkvæmdasýsla ríkisins var falin umsjón með verkinu.

0.5 Ráðgjafar

Arkitektar:

Teiknistofa arkitekta, Gylfi Guðjónsson

Verkfræðingar:

Almenna verkfræðistofan hf.

Lóð:

Hornsteinar arkitektar ehf.

Ragnhildur Skarphéðinsdóttir landslagsarkitekt.

1 Frumathugun

1.1 Þarfagreining

Í upphafi árs 1998 athugaði dóms- og kirkjumálaráðuneytið hugsanleg kaup eða byggingu á lögreglustöð á Hólmavík. Fjármálaráðuneytið auglýsti eftir húsnæði í byrjun árs en það komu engin tilboð. Þá var skoðaður sá kostur að byggja sameiginlegt hús með hreppnum en hann hafði hug á að byggja hús fyrir slökkvibífreið sína. Ráðuneytið hafði áhuga á slíkri samvinnu. Á fjárlögum ársins 1998 var gert ráð fyrir fjárveitingu, þannig að unnt var að hefja verkið.

Ráðuneytið ákvað í samvinnu við Hólmavíkurbrepp að byggja límtréshús og nýta það að hluta til fyrir lögreglustöð. Upphafleg fjárveiting að upphæð 10 m.kr., var byggð á kostnaðaráætlun hreppsins um byggingu límtréshússins. Fljótlega komu í ljós ýmis vandkvæði við byggingu þess. Kostnaðarmat var of lágt og brunamálayfirvöld samþykktu ekki starfsemi lögreglustöðvar og slökkvistöðvar undir sama þaki.

1.2 Valkostir

Teiknistofa Gylfa Guðjónssonar vann hugmyndir að tveimur valkostum að byggingum.

Tillaga 1

Tvö samtengd hús, þ.e. bílageymslur í límtréshúsi og lögreglustöð í sérstöku húsi tengdu við límtréshúsið með tengibyggingu.

Tillaga 2

Öll starfsemi lögreglu- og slökkvistöðvar í sama húsi.

1.3 Niðurstaða

Við frumáætlunargerðina var aðallega horft til límtréshúss sem samanstæði af lögreglu- og slökkvistöð. Þó voru einnig skoðaðir möguleikar á dönsku stálgrindarhúsi til samanburðar á kostnaði. Stærð hússins var áætluð u.þ.b. 350m² og kæmu í hlut lögreglunnar um 200m². Til viðmiðunar voru notaðar teikningar af lögreglustöðinni á

Vopnafirði og af hjálparveitarhúsinu á Egilsstöðum. Niðurstaðan varð síðan valkostur 1, þ.e. tvö samtengd hús.



TILLAGA C
BRÚTTÓFLATARMÁL LÖGREGLUSTÖÐVAR 172,7 M2

Tillaga arkitekts þar sem gert er ráð fyrir að lögreglu- og slökkvistöð séu undir sama þaki. Húsnæði lögreglunnar er litað gult.

Ástæður þess að tillaga 1 varð fyrir valinu eru helstar þær að mikil lofthæð hefði farið til spillis í lögreglustöðinni ef hún hefði orðið hluti af límtréshúsinu og að gera hefði þurft miklar ráðstafanir vegna brunavarnarmála. Það var líka ekki síst það að byggingarlagið var mun betra í tillögu 1, þ.e. auðveldara var að “lesa” út úr byggingunni hvað var lögreglustöð og hvað slökkvistöð.

Staðsetningin, en húsið er við aðkomuna til Hólmavíkur, réttlætti enn frekar að hugað yrði að sjónarmiðum byggingarlistarinnar.

2 Áætlunargerð

2.1 Yfirlit

Skeiði 2 á Hólmavík eru tvö einnar hæðar hús, annað byggt úr límtré og yleiningum og hitt úr steinsteypu. Límtréshúsið skiptist í slökkvistöð og bílageymslu lögreglustöðvar, en steinsteypa húsið er lögreglustöð. Tengibygging sameinar þessar tvær byggingar.

2.2 Fullnaðarhönnun

2.2.1 Slökkvistöð

Stærð og gerð slökkvistöðar:

Breidd	10,70 m
Lengd	16,14 m
Vegghæð	3,87 m
Þakhalli	13,1°

Burðargrind hússins er gerð með 4 burðarrömmum úr límtré með um 5,4 m millibili. Undir gaflramma koma samtals 8 límtrésstöðir og á langhlíðum koma 1-2 stöðir í hvert rammabil. Í mæni hússins kemur mænisluggi 2,1 m breiður og 12 m langur.



Horft er úr bílageymslu lögreglunnar inn í slökkvistöðina sem er nær yfir 2 sperrubil en bílageymsla lögreglunnar nær yfir 1 sperrubil. Burðarvirki hússins er límtrésbogar. Mikil lofthæð er í húsinu. Ekki er búið að setja upp millivegg milli slökkvistöðvarinnar og bílageymslu lögreglunnar þegar myndin var tekin.

2.2.2 Lögreglustöð

Stærð og gerð lögreglustöðvar (án bílgeymslu):

130,5m² steinsteypt hús með léttu þaki þar sem burðarvirkið er úr límtrésbitum.



Burðarvirki lögreglustöðvar er steypa og límtrésbitar (í þaki). Fangaklefhalti hússins er hægra megin á myndinni. Aðalinngangur er fyrir miðri mynd.

2.3 Nánari útfærsla

Stórir þakgluggar eru á báðum byggingunum og gólfhiti í límtrésbyggingu (rafmagn). Fangaklefaveggir eru hlaðnir, steypdur veggur er á milli fangaálmu og hins hluta hússins en aðrir veggir eru “léttir”. Loftræstikerfi er í fangaklefhluta hússins.

2.4 Áætlun um stofnkostnað

Frumkostnaðaráætlun dagsett 16. mars 1998, fyrir byggingu límréshúss sem hýsa skyldi bæði lögreglu- og slökkvistöð, sbr. tillögu 2 í kafla 1.2., var kr. 16.050.000. Miðaðist hún við fullfrágengið hús að utan en óinnréttað. Lóð var sömuleiðis ófrágengin. Hlutdeild ríkis var þá áætluð kr. 9.180.600.

Frumkostnaðaráætlun dagsett 24.11. 1998, við byggingu tvískipts húss sbr. tillögu 1 í kafla 1.2. var kr. 23.450.000. Er þar um að ræða hlut ríkis einvörðungu. Samsvarandi áætlun vegna tillögu 2, var kr. 24.035.000.

Áætlaður stofnkostnaður vegna framkvæmda við slökkvistöð og lögreglustöð á Hólmavík, dagsettur 22.12. 1998, var samtals 45,2 m.kr. Þar af skyldi ríkið greiða 30,3 m.kr. á móti sveitarfélagi. Áætlaður kostnaður við lausan búnað var kr. 750.000.

Hlutfallsleg skipting kostnaðarins var sem hér segir:

	Ríki	Sveitarfélag
Lögreglustöð	100 %	0 %
Límréshús	33 %	67 %
Lóð	60 %	40 %

2.5 Rekstaráætlun

Engin rekstaráætlun frá rekstraraðila lá fyrir vegna byggingarinnar.

2.6 Fjármögnunaráætlun

Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir heimilaði að þátttaka ríkisins í þessari byggingu næmi 30 m.kr. Í fjárlögum árunna 1998-2000 var 10 m.kr. framlag á safnlið um húsnæði löggæslustofnana (06-391-6.21) sem ekki var sérmerkt ákveðinni framkvæmd. Af þeim lið voru greiddar alls 23 m.kr. til verksins á Hólmavík á árunum 1998-2000. Að auki var sérmerkt 10 m.kr. fjárveiting til Hólmavíkur (06-491-6.19) í fjárlögum 1999 og í fjárukalögum fyrir árið 2000 voru veittar 13 m.kr. til viðbótar við framangreindar fjárveitingar á sama lið. Alls hafa því verið veittar af hálfu ríkisins 46 m.kr. til þessa verks.

3 Verklef framkvæmd

3.1 Útboð, tilboð og samningar

Verkið var boðið tvisvar út. Tilboð í fyrra útboðinu voru opnuð í maí 1999 og í hinu síðara í júní sama ár. Aðeins einn verktaki bauð í bæði skiptin, G.R. verktakar. Tilboð hans voru að mati verkkaupa, of há í bæði skiptin og var þeim því hafnað. Í maí var tilboðsfjárhæðin 44,5 m.kr. og í júní 41,6 m.kr. Kostnaðaráætlun var 33 m.kr. (32.955.431). Lægra tilboðið skýrðist af lengingu verktímans frá fyrra útboðinu. FSR leitaði tilboða í verkið hjá Stíganda hf. á Blönduósi í kjölfar þessara tveggja árangurslausu útboða. Lyktaði málum þannig að þann 3. ágúst 1999 var tilboði Stíganda hf. í smíði og fullnaðarfrágang lögreglu- og slökkvistöðvar á Hólmavík ásamt lóðarfrágangi, dagsettu 22.07. 1999, tekið. Tilboðsfjárhæðin var kr. 38.300.602.

(samningsfjárhæð).

Gerður var viðbótarsamningur við Stíganda hf. um gaumljósakerfi, innbrotsviðvörðunarkerfi, blásara og talstöðvarlagnir, samtals að upphæð kr. 670.792.

Gerður var samningur við ÍSTEL hf. um kaup og uppsetningu á símstöð að upphæð kr. 271.393.

Um eftirlit á verkstað fyrir hönd FSR, sá Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir, byggingafultrúi á Hólmavík og arkitekt. Samningur við hana hljóðaði upp á 1,5 % af verksamningsupphæð eða kr. 574.509.

Hólmavíkurhreppur gerði þann 11.09. 1998 samning við Límré hf. um kaup á efni í límréshúsið að upphæð kr. 5.235.000. Greidd var 1 m.kr. strax og síðan 4.235.000 í maí 1999, auk kr. 80.631 í verðbætur frá 09/98 – 05/99.

Það var síðan hluti samningsins við Stíganda hf. að reisa límréshúsið. Ríkið greiddi sín 33% í límréshúsinu sbr. samning þar um.

3.2 Lýsing

Um er að ræða tvö nánast stakstæð hús ásamt lítilli tengibyggingu. Annars vegar er um að ræða slökkvistöð og bílgeymslu lögreglunnar (hús B), hér eftir nefnt límréshús, samtals 175,9m² og hins vegar tengibyggingu og lögreglustöð (hús A), samtals 130,5m². Samtals er lögreglustöðin að meðtalinni bílgeymslu í límréshúsinu og tengibyggingu 189,2m² að stærð.

Bílgeymsla lögreglunnar er þar af 58,7m². Slökkvistöðin er 117,2m² að stærð.

Heildarbrúttórúmmál útboðsverksins er 1.427,5m³.

Byggingarnar eru báðar einlyftar.

Límtréshúsið er byggt úr límtrésbogum, klæddum yleiningum sem verkkaupi lagði til. Lögreglustöðin og tengibyggingin eru staðsteyptar, einangraðar að utan með steyptri loftplötu að hluta. Ysta lag útveggja er ýmist Steni- eða stálklæðning.

Tengibyggingin er með flötu þaki klæddu þakdúki, en lögreglustöðin er með zinkklæddu timburþaki. Gluggar eru málmklæddir timburgluggar. Tveir fangaklefar eru í lögreglustöðinni. Bílgeymslan tekur 3 bíla, þar af 1 lögreglubíl. (3 aksturshurðir eru á húsinu).



Mynd tekin 13.01. 2000. Lögreglustöð er að verða tilbúin undir tréverk



Inngangur lögreglustöðvarinnar

3.3 Framvinda

Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir heimilaði útboð 14. maí 1999.

Framkvæmdir við verkið hófust í byrjun ágúst 1999, þ.e. þá hóf verktakinn, Stígandi hf, framkvæmdir. Áður hafði Hólmavíkurreppur byggt sökkul og steyptr botnplötu undir límtréshúsið og sett fyllingarpúða undir lögreglustöðina. Framkvæmdirnar gengu vel og lauk þeim í byrjun maí 2000.

Aukaverk voru samtals upp á kr. 1.943.981 og voru þessi stærst:

Aukaverk	Kostnaður
Þakgluggar (hluti burðarvirkis)	587 þ.kr.
Sorpgeymsla	159 þ.kr.
Breytt lagnakerfi	107 þ.kr.
* Ýmis rafmagnsvinna	470 þ.kr.

* = Innifalið er vinna við öryggiskerfi og neyðarlýsingu upp á 237 þ.kr. skv. kröfu Vinnueftirlitsins og án afskipta Stíganda hf.

Ýmis viðbótarverk voru unnin fyrir samtals kr. 1.351.375. Orsakaðist það aðallega af því að ýmis lagnakerfi voru tekin út úr útboði og síðan samið um þau á verktímanum.



Keypt var forsteyptr sorpgeymsla (aukaverk)

3.4 Eftirlit og úttektir

Úttekt á lögreglustöðinni og slökkvistöðinni fór fram 11. maí 2000. Lokaúttekt byggingarfulltrúa fór síðan fram þann 27. apríl 2001. Sú úttekt dróst þar sem Vinnueftirlit ríkisins gerði athugasemdir við öryggiskerfi og neyðarlýsingu lögreglustöðvarinnar. Illa gekk að fá rafvirkja til að ljúka þeim lagfæringum, sem unnar voru án milligöngu Stíganda hf. Ákveðið var að biða úttektar byggingarfulltrúans þangað til vitað væri að allt væri eins og vera bar.

Ábyrgðarúttekt verkkaupa fór síðan fram þann 3. ágúst 2001, en verktaki hafði beðið um frestun hennar þar til lagfæringum á lóð væri lokið.

Við úttekt lóðarinnar þann. 16. september 2000 komu fram nokkrar athugasemdir.



Lögreglustöðin er klædd Steni- og stálplötum

4 Reikningslegt uppgjör

4.1 Fjárveitingar og áfallinn kostnaður

Fjárveitingar og áfallinn kostnaður

Lögreglu-og slökkvistöð ásamt lóð, Hólmavík

Áfallinn kostnaður:			Innborganir:			
Ár	Á verðlagi hvers árs í kr.	Miðað við bygg.vísitölu 1.7.1987 (100) í kr.	Greiðslur ríkis á verðl. hvers árs í kr.	Greiðslur svf. á á verðl. hvers árs	Fjárlög 06-391-6.21 í kr.	Fjárlög 06-491-6.19 í kr.
1998	2.755.240,-	1.193.778	4.000.000	0	10.000.000	
1999	32.463.911	13.755.894	30.000.000	0	10.000.000	10.000.000
2000	26.818.662	11.018.349	12.000.000	15.720.315	3.000.000	13.000.000
2001	669.958	256.394	218.661	768.795	218.661	
Samtals	62.707.771	26.224.416	46.218.661	16.489.110	23.218.661	23.000.000

4.2 Heildarkostnaður

Heildarkostnaður				i kr.
	Lögreglustöð	Slökkvistöð	Lóð	samtals
Ráðgjöf				
Arkitektahönnun	3.139.567	430.472	761.650	
Verkfræðihönnun	1.110.868	744.780	0	
Kostnaður samtals				6.187.337
Samningsverk				
Verksamningur	23.456.304	9.040.604	5.123.611	
Verðbætur á verksamning	107.612	40.631	72.787	
Kostnaður samtals				37.841.549
Aukaverk				
Verksamningur	1.276.007	656.574	11.400	
Kostnaður samtals				1.943.981
Viðbótarverk				
Verksamningur	1.105.612	87.175	158.588	
Kostnaður samtals				1.351.375
Umsjón og eftirlit				
Framkvæmdasýsla ríkisins	1.687.189	537.063	185.754	
Aðkeypt eftirlit	284.695	140.225	0	
Kostnaður samtals				2.834.926
Annar kostnaður				
Efni og vinna utan útboða	503.323	8.667.613	1.230.317	
Opinber gjöld	137.533	34.068	0	
Útboð, ljósritun, flutningsgjald og fl.	376.336	29.355	0	
Búnaður	1.570.058	0	0	
				12.548.603
Kostnaður samtals	34.755.104	20.408.560	7.544.107	62.707.771

Heildarkostnaður 62,7 m.kr.

4.3 Samanburður við kostnaðaráætlun

Lögreglu-og slökkvistöð Hólmavík

YFIRLITSTAFLA

Samantölur á áætlunum kostnaði og reikningsuppgjöri.

	Áætlaður kostnaður í kr.	Reiknaður kostnaður í kr.	Hlutfallslegur mismunur í %
Lögreglustöð			
Arkitektahönnun	2.400.000	3.139.567	31%
Verkfræðihönnun	942.000	1.110.868	18%
Verkframkvæmd	16.300.000	25.945.535	59%
Umsjón og eftirlit	1.050.000	1.971.884	88%
Búnaður	750.000	1.570.058	109%
Annar kostnaður	0	1.017.192	
Slökkvistöð			
Arkitektahönnun	1.300.000	430.472	-67%
Verkfræðihönnun	737.000	744.780	1%
Verkframkvæmd	16.365.800	18.556.020	13%
Umsjón og eftirlit	750.000	677.288	-10%
Lóð			
Arkitektahönnun	500.000	761.650	52%
Verkframkvæmd	4.812.900	6.596.703	37%
Umsjón og eftirlit	0	185.754	
Heildarkostnaður í m.kr.	45.907.700	62.707.771	37%

Áætlun á verðlagi bvt. = 231,2

Ef raunkostnaður er borin saman við áætlun á sama verðlagi þá er raunkostnaður 32% yfir áætlun.

4.4 Kostnaður áfanga / eininga

Stærðir og einingakostnaður		
Lögreglustöð á Hólmavík	Stærðir	Einingakostnaður
	m ²	kr./m ²
Á verðlagi hvers árs án búnaðar	130,5m ²	254.292
Á verðlagi hvers árs með búnaði	130,5m ²	266.323
Á verðlagi 1. júní 1987 (bvt.=100) án búnaðar	130,5m ²	106.844
Á verðlagi 1. júní 1987 (bvt.=100) með búnaði	130,5m ²	111.787
Slökkvistöð á Hólmavík		
	Stærðir	Einingakostnaður
	m ²	kr./m ²
Á verðlagi hvers árs án búnaðar	172,7m ²	118.173
Á verðlagi hvers árs með búnaði	172,7m ²	á ekki við
Á verðlagi 1. júní 1987 (bvt.=100) án búnaðar	172,7m ²	49.118
Á verðlagi 1. júní 1987 (bvt.=100) með búnaði	172,7m ²	á ekki við

5 Niðurstaða

5.1 Árangur framkvæmdarinnar

Raunkostnaður við byggingu lögreglu-stöðvarinnar á Hólmavík varð um 10,8 m.kr. hærrí en kostnaðaráætlunin upp á 30,3 m.kr gerði ráð fyrir.

Ástæður þess eru nokkrar:

- Við gerð frumáætlunar var miðað við kostnað á byggingu sambærilegrar lögreglustöðvar á Vopnafirði sem er úr timbri.
- Verkið var boðið út á miklum þenslutíma í byggingariðnaði.
- Verkið var boðið út tvisvar án ásættanlegs árangurs.
- Samið var beint við Stíganda hf. og leiddi það til hærri einingarverða en ráð var gert fyrir í upphafi.
- Áætlað var að heimamenn ynnu verkið og því ekki reiknað með fjarvistarkostaði í frumáætluninni.
- Í frumáætluninni gert ráð fyrir að um límtréshús yrði að ræða en byggt var steinsteypt (staðsteypt) hús.
- Í frumáætluninni var gert ráð fyrir annarri skiptingu heildarkostnaðar milli lögreglustöðvar og límtréshúss, og breyttist hlutfallið lögreglustöðinni í óhag.

5.2 Samanburður við hliðstæðar framkvæmdir

Við samanburð á kostnaði við mismunandi framkvæmdir á mismunandi tímum er algengt að bera saman kostnað á stærðareiningu. Sá samanburður segir til um hagkvæmni í hönnun og framkvæmd þegar borin eru saman álíka stór hús til sömu eða svipaðra nota. Almennt lækkar kostnaður á stærðareiningu eftir því sem húsin eru stærri og þó einkum með stækkandi rýmum í húsunum sjálfum.

Eins og fram hefur komið tekur þetta skilamat til nýbyggingar lögreglu og slökkvistöðvar. Lögreglustöðin er staðsteypt en slökkvistöðin er límtréshús sem er lítið innréttað enda að mestu ætlað sem bílgeymsla. Það er því ekki raunhæft að taka það með í samanburðartöflunni. Ekki var auðvelt að finna lögreglustöðvar af sambærilegri stærð til samanburðar.

Eins og fram kemur í samanburðartöflunni hér á eftir, er lögreglustöðin á Hólmavík miklu minni en viðmiðunarbyggingarnar ef undan er skilin lögreglustöðin á Vopnafirði.

Kostnaðartölurnar eru heildarkostnaðartölur og eru miðaðar við bvt. 100 í júní 1987. Tölurnar eru án búnaðar.

Lögreglustöð:	Stærð í m ²	Kostn./m ²
* Húsavík	897	54.751
* Sauðárkróki	831	62.208
* Siglufirði	528	59.574
Vopnafirði	215	71.863
Hólmavík	130,5	106.844

* = *Sýsluskrifstofur eru einnig í þessum byggingum.*

5.3 Lokaorð

Verkið fór nokkuð brösuglega af stað og einkenndist upphafið af vanáætlun varðandi kostnað.

Almennt má segja að sjálf framkvæmdin hafi tekist vel. Eins og fram kom í kafla 3.1 gekk treglega að fá verktaka til verksins. Verktakinn sem samið var við skilaði svo mjög góðu verki sem bæði eigendur og notendur eru sáttir við.

5.4 Staðfesting skilamats

Undirritaður staðfestir hér með framanritað skilamat.

Forstjóri Framkvæmdasýslu ríkisins